

Nd.

439. Lög

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932 [Bifreiðaskattur o. fl.].

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl).

1. gr.

Í stað orðanna „1 — eina — krónu“ í 1. gr. b. í lögnum komi: 50 auro.

2. gr.

Í stað „1931“ í 4. gr. laganna komi: síðastliðnum.

3. gr.

Fyrir „750“ í 7. gr. laganna komi: 250.

4. gr.

Í stað „ræktunarvegarsins“ í 8. gr. b.-lið komi: ræktunarveganna.

5. gr.

- Á undan síðustu málsgr. 8. greinar laganna komi nýr stafliður, þannig:
- d. Frá 1. jan. 1934 færirst hundraðshlutinn samkvæmt a-lið niður í 50%, en 15% af hvers árs tekjum skal þá verja til þess að malbika umferðarvegi í kaupstöðum og í verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúum, eða gera á þeim slitlag úr öðru varanlegu efni. Ráðherra ákveður með reglugerð skiptingu þessa fjár milli aðilja, og er heimilt að krefjast jafnmikils framlags í móti frá hlutaðeigendum. Að því leyti, sem þessi hluti skattsins verður ekki notaður árlega, skal geyma hann í sérstökum sjóði, er nefnist „sjóður til malbikunar á bæjarvegum“, í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins.

6. gr.

Orðin í 11. gr. laganna „og gilda til ársloka 1933“ falli burt.